

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði Fáskrúðsfirði



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	5.9.2016	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði	<b>Eftirlitsmaður</b>	Hákon Hansson
<b>Heimili</b>	Hafnargötu 1, Fáskrúðsfirði	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5812012650	<b>Flokkur</b>	Fiskimjölsverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Magnús Ásgrímsson	<b>ÍSAT nr.</b>	15.20.72
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	735718,92 501484,078

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik er skilgreint í þessari eftirlitsskýrslu og varðar lið 2.16 í starfsleyfi. Ein athugasemd er vegna kvartana um lyktarmengun.

Grænu bókhaldi hefur verið skilað undanfarin ár, síðast fyrir 2014, en grænt bókhald fyrir 2015 er til lokavinnslu og prentunar hjá fyrirtækinu og verður sent UST innan tíðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmaður var Hákon Hansson.

Í upphafi eftirlits var fundað með verksmiðjustjóra og farið sameiginlega yfir starfsleyfi fyrirtækisins sem gefið var út 17.9. 2014 og síðustu eftirlitsskýrslu. Síðan var verksmiðjan og umhverfi hennar skoðað í fylgd verksmiðjustjóra.

Fram kom á fundi að gerðar hafa verið mælingar á hraða útblásturslofts frá skorsteini og mæling á losunarmörkum frá frárennsli fór fram í maí 2016 og niðurstöður sendar til UST. Verkfræðistofan EFLA sá um mælinguna. Allar mælingar og skil á skýrslum eru í samræmi við ákvæði starfsleyfis.

TVN er að sögn verksmiðjustjóra alltaf mælt og skráð reglulega og sent til UST. Ljóst er að betri kæling í skipum leiðir til þess að TVN er alltaf mjög lágt.

Hráefni sem unnið er í verksmiðjunni er aðallega loðna, en einnig síld, makrill og kolmunni. Varðandi síld og makrill er fyrst og fremst um að ræða úrgang frá frystihúsi og annarri vinnslu fyrirtækisins, þ.e. hausar, slóg og úrkast, sem fer til bræðslu. Þegar eftirlit fór fram var verið að vinna makrill.

Athafnasvæði og umhverfi verksmiðjunnar er snyrtilegt og umgengni bæði utan húss og innan er góð. Á athafnasvæði verksmiðjunnar var hvergi var að sjá mengun eða óþrifnað sem rekja má til starfsemi verksmiðjunnar. Hins vegar voru augljós merki um mengun í sjó og ljóst að mengunaróhöpp hafa orðið í sumar. Í sumar hefur þrisvar sinnum sloppið fita frá verksmiðjunni í gegnum fitugildru og út í sjó. Auk þess tæmdi skip sjó úr lestum við bryggju nýlega og barst veruleg mengun í sjóinn. Veruleg mengun varð í fyrsta skipti, þ.e. 7.7. en í tvö síðari skiptin varð einnig talsverð mengun í sjó og fjörum. Í fyrra var bent á í eftirlitsskýrslu að fitugildra annar ekki gegnumstreymi á mestu annatímum og þá var sagt að í undirbúningi væru lagfæringar þ.e. ráðgert er að setja fleytibúnað á fitugildruna. Ekki hefur orðið af því enn og því er það nú skráð sem frávik í eftirlitsskýrslu.

Í grein 2.16 í starfsleyfi segir: „Frárennsli frá löndunarbúnaði, hráefnisgeymslum og vinnslu skal meðhöndla í hreinsibúnaði áður en því er veitt til sjávar. Búnaðurinn skal vera sjálfhreinsandi og

skal endurvinna fitu og föst efni. Annað frárennsli verksmiðjunnar sem ekki er leitt í hreinsibúnað skal leiða í fitugildru áður en því er veitt til sjávar“.

Við eftirlit nú kom augljóslega fram að fitugildra annar ekki því gegnumstreymi sem er í gegnum hana þegar mest álag er. Ekki verður hjá því komist að bregðast við þessu ástandi og skv. bréfi framkvæmdastjóra Loðnuvinnslunnar frá í gær 6.9. er stefnt að úrbótum við fyrsta tækifæri.

#### Frávik frá

grein 2.16 í starfsleyfi.

#### Lýsing á fráviki

Við eftirlit nú kom augljóslega fram að fitugildra annar ekki því gegnumstreymi sem er í gegnum hana þegar mest álag er. Greinileg merki um mengun eru í höfninni. Ekki verður hjá því komist að bregðast við þessu ástandi.

#### ATHUGASEMDIR

Annað slagið berast kvartanir til eftirlitsaðila vegna lyktarmengunar frá verksmiðjunni.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 26.09.2016

  
Gottskálk Friðgeirsson